

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um skerðingu á vaxtabótum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað skerðast vaxtabætur mikið milli tekjuáranna 2004 og 2005 vegna breytinga á fasteignamati á sl. ári og hvaða áhrif hefur skerðingin á greiðslu vaxtabóta í ágúst næstkomandi? Óskað er eftir að sýnd verði í fjárhæðum dæmi sem gefi glögga mynd af breytingunni milli ólíkra tekju- og eignahópa, einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar.
2. Hvað skerðast vaxtabætur mikið milli tekjuáranna 2004 og 2005 við álagningu nú í ágúst vegna breytinga sem gerðar hafa verið á ákvæðum um vaxtabætur í tekjuskattslögum á árunum 2004 og 2005? Óskað er eftir að sýnd verði í fjárhæðum dæmi sem gefi glögga mynd af skerðingunni milli ólíkra tekju- og eignahópa, einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar. Þá er óskað eftir að útreikningar í 1. og 2. lið nái til sömu tekju- og eignahópa og að sýnd verði einnig samandregin niðurstaða á áhrifum skerðingar fyrir þessa hópa.
3. Hvað áhrif hefur skerðing vaxtabóta álagningarárin 2005 og 2006 á tekjur ríkissjóðs?
4. Eru fyrirhugaðar breytingar á vaxtabótakerfinu? Ef svo er, hvaða breytingar eru það og hvenær má vænta þeirra?

Skriflegt svar óskast.